STÆRRA BLAÐ – NÚ 12 SÍÐUR!

# Fréttapíp

Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 11 – MARS 2019












*Einbeiting keppenda var gríðarleg og ekki minnsti möguleiki á að nærvera og blossar myndavélarinnar röskuðu henni.*



*Hér eru keppendurnir í pípulögnum 2019 komnir á verðlaunapall. T.f.v.: Kristján Árni Davíðsson, Geri Ragnarsson, Davíð Karlsson og Kristófer Daði Kárason, nýkrýndur Íslandsmeistari í pípulögnum 2019.*

## Íslandsmót iðn- & verkgreina 2019

Það er ekki aldeilis tekið út með sældinni að keppa á Íslandsmóti í pípulögnum. Þrotlausar æfingar fóru fram undir vökulu auga kennarans, Böðvars Inga Guðbjartssonar, pípulagningameistara og kennara í pípudeild Tækniskólans í Hafnarfirði. Allt er þetta gert utan hefðbundins skólatíma. Þetta gerðu þeir Kristján Árni, Geri, Davíð og Kristófer Daði, nemendur við skólann og keppendur í pípulögnum á Íslandsmóti iðn- og verkgreina, sem fram fór í Laugardalshöll dagana 14.-16. mars s.l.
Og það er sannarlega til mikils að vinna,

*– Sjá framhald greinar á bls. 2.*

## Rafræn Byggingargátt



*Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar flytur erindi sitt.*

Félag pípulagningameistara fékk góðan gest í heimsókn á Jólafund sinn sem haldinn var 24. nóvember 2019. Þar var á ferðinni Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar. Björn hélt fróðlegan fyrirlestur og kynningu á glærum um Rafrænu Byggingargáttina sem senn verður tekin í notkun að fullu, eftir gagngera prufukeyrslu. Nú eiga fagmeistarar byggingariðnaðarins að vera búnir að koma sér upp vottuðu Gæðakerfi vegna starfsemi sinnar, en þræðir Gæðakerfisins liggja síðan beint inn í Rafrænu Byggingargáttina.
Fundarmenn voru gríðarlega áhugasamir um það sem Björn kynnti fyrir þeim varðandi Byggingargáttina. Enda kemur Byggingargáttin til með að gjörbreyta allri umgengni við gögn og skýrslur varðandi byggingu allra

*– Sjá framhald greinar á bls. 2.*

## Árshátíð Félags pípulagningameistara haldin 6. apríl 2019 – Sjá bls. 3



# Íslandsmót iðn- & verkgreina 2019

því Íslandsmeistarinn mun halda til Austurríkis á næsta ári, 2020, og keppa þar á Euro-Skills fyrir Íslands hönd; óneitanlega mikill heiður og skemmtilegt tækifæri. Þetta er í annað sinn sem Íslandsmót iðn- og verkgreina er haldið í Laugardalshöll, nú undir kjörorðunum: Mín framtíð. Nú mátti glögglega sjá að framfarir hafa orðið í framsetningu og allri umgerð mótsins frá því síðast, árið 2017. Samtals var keppt í 28 iðn- og verkgreinum á mótinu. Auk þess sem 33 skólar víðsvegar að af landinu kynntu starfsemi sína. En þetta er ekki bara Íslandsmót og kynning; heldur miklu meira.

Alls heimsækja hátt í áttaþúsund grunnskólanemar sýninguna, þar sem þau kynna sér af eigin raun náms- og starfsmöguleika sem ætti að auðvelda valið.





*Kampakátir á vaktinni: F.v. Sigurður Ingvar Hannesson, formaður Félags pípulagningameistara, Heimir Guðmundsson, varaformaður FP og Helgi Pálsson frá FIT:*



*Að ofan: Böðvar Ingi bregður á leik með gestum á sýningunni. Það má líka vera gaman stundum. T.h. Keppendur fengu gjafir frá Húsasmiðjunni.*



*T.f.v. Þór Pálsson hjá Verkiðn með strákunum áður en verlaunaafhending fór fram. Kristófer Daði, Kristján Árni, Geri og Daviðð.*

## Rafræn Byggingargátt

*Framhald greinar af forsíðu.*

mannvirkja hérlendis í framtíðinni. Enda kvað Björn Karlsson sterkt að orði í kynningu sinni. Kvað hann Rafrænu Bygg-igngargáttina vera algera byltingu í öllu sem heyrði til skoðunar- og skráningarmála í byggingariðnaðinum.
Skoðunarhandbókin, sem er alls fjórar mismunandi bækur, og allar eru þær í rafrænu formi og fáanlegar ókeypis í sérstöku Appi á netinu.
Í Byggingargátt Mannvirkjastofnunar er haldið utan um réttindaskrá yfir alla aðila sem hafa réttindi og leyfi til að standa að mannvirkjagerð.
Í Byggingargáttinni er öll framvinda, allir áfangar og allar úttektir sem eiga sér stað, skráðar rafrænt. Þar eru skráðir allir fagaðilar sem hafa aðkomu að viðkomandi verki. Þar eru einnig allar teikningar og leyfi sem þurfa að liggja fyrir varðandi viðkomandi mannvirki. Þessi rafræna saga fylgir síðan viðkomandi mannvirki. Mannvirkjastofnun hefur útbúið mikið af upplýsingaefni og myndböndum varðandi Rafrænu Byggingargáttina. Sveitarfélög gegna stóru hlutverki í Byggingargáttinni varðandi skil á leyfisgögnum, úttektum og öðru þessu tengt. Enda fá þau sitt sérstaka svæði innan Byggingargáttarinnar. Sama á við um Byggingarstjóra, arkitekta og aðra hönnuði. Hvatti Björn fundarmenn til að fara inn á www.mannvirkjastofnun.is og kynna sér málin.
Að loknum fyrirlestrinum sköpuðust miklar umræður um Byggingargáttina og komu fjölmargar fyrirspurnir frá fundarmönnum.



# Árlegur Jólafundur Félags pípulagningameistara






Árlegur Jólafundur Félags pípulagningameistara var haldinn í Rafveituhúsinu í Elliðaárdal, laugardaginn 24. nóvember 2018. Góð mæting var á fundinn eins og venja er hjá pípulagningameisturum. Sérstakur gestur fundarins var Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar. Hann hélt fyrirlestur og kynningu á Byggingargáttinni (sjá umfjöllun á forsíðu og á bls. 3).
Heimir Guðmundsson, varaformaður félagsins steig í pontu og setti fundinn í forföllum Sigurðar Ingvars Hannessonar, formanns. Gerði Heimir að tillögu sinni að Sigurður Ó. Sigurðsson yrði kosinn fundarstjóri, sem var samþykkt, og tók Sigurður við stjórn fundarins. Fyrstur kom í pontu Magnús Björn Bragason og flutti skýrslu formanns í forföllum hans. Fór hann yfir það helsta sem hefur verið á döfinni í starfi stjórnarinnar. Því næst kom Guðmundur Páll Ólafsson í ræðustól og ræddi stöðuna varðandi Gæðakerfið, m.a. úttektir og virknimat Gæðakerfa hjá meisturum. Einnig fór Guðmundur Páll yfir það sem framundan er þegar Byggingargáttin verður komin í fulla virkni, sem er að gerast á næstu vikum og mánuðum. Meðal annars hefur það í för með sér að ekki verður lengur hægt að ganga framhjá meisturum í úttektum. Guðmundur ræddi einnig samstarf við Mannvirkjastofnun vegna leppunar. Trausti Guðjónsson kom í ræðustól og ræddi nýja mæla frá Orkuveitunni, stöðu mála með húsið á Spani og Kostnaðarskrá sem send verður til félagsmanna. Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um húsnæðismál félagsins.

Síðan var fundi slitið og hafinn undirbúningur fyrir matar- og gleðikvöld með mökum og þar dansað fram á nótt.

*Rétt einns og venja er til, þegar félagar í Félagi pípulagningameistara efna til Jólafundar, þá var mætingin góð og fín stemning í salnum eins og sést á myndunum að ofan og til hægri.*












*Sigurður Ó. Sigurðsson stýrði fundi og skálaði fyrir góðri fundarsókn.*



*Magnús Björn Bragason flutti kýrslu formanns í forföllum Sigurðar Ingvars.*



*Heimir Guðmundsson, varaform. setti fundinn.*



*Trausti Guðjónsson fór m.a. yfi nýja orkumæla.*

# Árshátíð Félags pípulagningameistara haldin á Hótel Glymi 6. apríl 2019

Eins og venja er til þá verður Aðalfundur og Árrshátíð Félags Pípulagningameistara haldinn utan borgarmarkanna. Að þessu sinni varð Hótel Glymur fyrir valinu. Laugardag-urinn 6. apríl 2019 varð fyrir valinu. Nánar inn á www.hotelglymur.is.
Glæsilegur matseðill: Forréttur: Humarsúpa (Önnur í boði ef ofnæmi er til staðar).
Aðalréttur: Beef Vellington steik.
Eftirréttur: Súkkulaðikaka með ávöxtum.

Aðalfundurinn stendur yfir milli kl.15-17. Boðið verður upp á skemmtun fyrir maka á milli 15-17.30. Sjálf Árshátíðin hefst klukkan 19:00 og stendur fram á nótt með tilheyr-andi dansiballi. Það eru 30 herbergi á hóltelinu, nokkur smáhýsi við hótelið og svo er annað hótel rétt hjá sem verður frír akstur á. Skráning á piparinn@piparinn.is.
STÖNDUM SAMAN, VINNUM SAMAN OG SKEMMTUM OKKUR SAMAN.




KESSEL EASY CLEAN FITUSKILJUR

- Sérstyrktar til að standa á gólfi.
- Hægt að fá í mörgum mismunandi útfærslum.
- Vandaður stjórnbúnaður.
- Áralöng reynsla.

TENGI

Tengi • Kópavogi • Akureyri • www.tengi.is

# Vatnsvirkinn með kynningu fyrir pípulagningamenn í Elliðaárdalnum
















Vatnsvirkinn bauð til myndarlegrar kynningar Rafveituhúsinu í Elliðaárdalnum fimmtudaginn 28. mars. Kynningin var vel sótt af pípulagningamönnum, sem þáðu léttar veitingar um leið og þeir skoðuðu áhugaverðar nýjungar. Nokkrir erlendir birgjar sendu fulltrúa sína á kynninguna. Meðal þeirra voru Henrik Harmsen, framkvæmdarstjóri Unipak í Danmörku, ásamt söluráðgjafanum Kasper M. Blaabjerg. Þeir kynntu Multiseal þéttinn sem ætlaður er til að stöðva leka í lagnakerfum, gólfhitakerfum og snjóbræðslulögnum.

Þorsteinn Árnason frá Vatnsvirkjanum kynnti svo dælubúnað frá Lowara, Flygt og Spirovent ásamt festingum frá SCHÄNIS og fleiri nýjungar.

Frá fyrirtækinu Purus var sölustjóri John Lidén að kynna lausnir og frágang í gólfniðurföllum.

Frá fyrirtækinu Gjöfull var Gísli Tómasson eigandi og pípulagningarmeistari með kynningu á ferðakútnum Gjöfli fyrir sumarhús og hitaveitubúnað á hemluðum veitum.

Frá fyrirtækinu OLI var Sandro Pina, sölustjóri, að kynna nýja línu hjá Vatnsvirkjanum í upphengdum salernum.

Frá Danfoss voru Örn Ingi Ásgeirsson og Jóhannes Skarphéðinsson, ásamt Bendikti Ingvasyni að kynna gólfhitastýringar frá Danfoss og fleira. Allar frekari upplýsingar má finna á www.vatnsvirkinn.is.






















# TENGI opnar formlega nýja og endurbætta lagnadeild



Blásið var til veislu hjá TENGI, föstudaginn 1. mars í tilefni formlegrar opnunar nýrrar og endurbættrar aðstöðu lagnadeildar fyrirtækisins. Nú er kominn sérinngangur, beint inn í lagnadeildina. Þá er búið að stækka aðstöðuna verulaga; viðskiptavinir geta sest niður og fengið sér bakkelsi, ásamt heitum og köldum drykkjum, meðan verið er að taka til pantanir. Sýningarsvæðið er orðið afar glæsilegt og öll aðstaða sölumanna hefur verið stórbætt. Á meðfylgjandi myndum má sjá viðskiptavini gera sér glaðan dag með forráðamönnum og starfsfólki TENGIs í tilefni opnunarinnar.












# FRÁVEITULAUSNIR

Vörurnar frá Borgarplasti eru léttar, níðsterkar og meðfærilegar. Þær eru framleiddar fyrir íslenskar aðstæður. Brunnarnir okkar og skiljurnar eru álagsprófaðar af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Iðntæknistofnun o.fl.







BORGARPLAST
www.borgarplast.is
Völuteigur 31 - 270 Mosfellsbær - Sími 561 2211
Fax 561 4185 - borgarplast@borgarplast.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir




MHG VERSLUN

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

## TRYGGJUM ALLTAF MEISTARAFAGMENNSKU OG

| | | | |
|---|---|---|---|
| króm og hvítt<br>Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn<br>Sími 478 2099 - GSM. 861 0291<br>kromoghvitt@simnet.is | JBH PÍPULAGNIR<br>Berjavöllum 6 – 221 Hafnarfirði<br>GSM: 696 9675 – jbhpipulagnir@gmail.com | LAGNAVIRKJUN ehf.<br>LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI<br>Bæjargil 63 - 210 Garðabær<br>GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is | HS pípulagnir |
| NESLAGNIR ehf<br>Pípulagnaþjónusta<br>Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ<br>GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is | STOFNLAGNIR<br>PÍPULAGNAÞJÓNUSTA<br>Stofnlagnir ehf.<br>Viðarrima 19 - 112 Reykjavík<br>GSM 660 0499 - wc@islandia.is | Pípulagnir<br>Elvars G Kristinssonar ehf.<br>Jöklafold 2 - 112 Reykjavík<br>GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is | HÚSA LAGNIR<br>PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA |
| RENNSLI ehf.<br>pípulagnir • sími 696 8054<br>Akralind 1 - 201 Kópavogur<br>GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is | Tröllalagnir ehf.<br>Jón Auðunn Sigurjónsson<br>pípulagningameistari<br>Auðnukór 3 – 203 Kópavogur<br>GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is | Press Lagnir EHF<br>Presslagnir ehf.<br>Funafold 29 - 112 Reykjavík<br>GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is | Öll alhliða pípulagningarþjónusta<br>Fagmennska í fyrirrúmi<br>PÍPULAGNIR |
| SB Pípulagnir ehf<br>pípulagnaþjónusta<br>skipaþjónusta<br>Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870<br>Netfang stefanbr@simnet.is | FLÆÐI Pípulagnir ehf.<br>MAGNÚS Á. MAGNÚSSON<br>PÍPULAGNINGAMEISTARI<br>Flæði pípulaginir ehf.<br>Svæði - 620 Dalvík - S. 466 1401/898 5524<br>maggisvaedi@simnet.is | S.Ó.S. lagnir ehf.<br>Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík<br>GSM 693 9000<br>sos@soslagnir.is<br>S.O.S lagnir ehf. | AH PÍPULAGNIR |




VATN&VEITUR

**Komdu í stærstu vefverslun landsins**
fyrir vatnsveitu og pípulagnir

vatnogveitur.is



**HS pípulagnir ehf.**
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is

**B.Markan ehf.**
Pípulagnir
660 6690

**RÖRLEGGJARINN ehf.**
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

**MIÐSTÖÐIN**
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

**Húsalagnir ehf.**
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

**PÍPULAGNIR**
Fagmennska – Færni - Frumkvæði

**PÍPULAGNIR**
SAMÚELS & KÁRA EHF

**Meistaralagnir ehf**
Pípulagnir S: 893 9110
Bæjarflöt 8A • 112 Reykjavík

**SHV Pípulagnir ehf.**
Funafold 54 - 112 Reykjavík
Sími: 587 8715
GSM: 821 1040
shv.pipulagnir@internet.is

**ALHLIÐA PÍPULAGNIR SF.**
- Akralind 5
- 201 Kópavogi
- Sími 567 1478
- pipulagnir@alhlida.is

litlalagna.is
**LITLA**
LAGNAÞJÓNUSTAN

**lagnaafl**
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 – 203 Kópavogi
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is

**AH pípulagnir ehf.**
- Suðurhrauni 12c
- 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is

**GG LAGNIR ehf**
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

**SP pípulagnir ehf.**
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585
Sigurdur.pipari@gmail.com

**vatnsidnadur.net**
Snæbjörn R. Rafnsson
Hraunprýði 12
210 Garðabæ
GSM: 660 6201
– GAGNAGRUNNUR
– ÞEKKING
– SAGA
Kíkið í heimsókn og látið koma ykkur á óvart!










# Hvammshólar með sérhæfingu í skólphreinsun



Hvammshólar er lítið fjölskyldufyrirtæki. Þar starfa þrír sérfræðingar í hreinsun á skólpi. Sigurður Viggó, pípulagningameistari, er aðalsprautu fyrirtækisins. Honum til halds og trausts eru Árni örverufræðingur og Ingibjörg verkefnastjóri. Hvammshólar eiga í mjög góðu samstarfi við fagmenn um allt land. Sigurður Viggó hefur fylgt mörgum hreinsivirkjum allt til endastaðar og haft yfirumsjón með tengingum og virkni þeirra.

Hreinsivirkin eru með allar viðkenningar og vottanir, t.d. PIA og CE vottun og eru framleiddar samkvæmt staðli EN 12566-2. Hreinsivirkin hafa verið kynnt fyrir Heilbrigðiseftirliti, byggingafulltrúum og mörgum verkfræðistofum og ánægjulegt í því sambandi að nefna að nýverið seldu Hvammshólar Umhverfisstofnun hreinsivirki sem verður sett niður við fossinn Dynjanda á Vestfjörðum fyrir sumarið 2019. Þar er reiknað með daglegri notkun 1000 manns.



Sigurður Viggó hefur sérhæft sig í hreinsun, uppsetningu og ólíkum lausnum á hreinsun skólps samhliða starfi sínu sem pípulagningameistari. Árið 2013 hófst samstarf með Graf í Þýskalandi en Graf er leiðandi fyrirtæki á þessu sviði og hafa framleitt tanka í yfir 50 ár. Ári seinna kaupir Graf Klaro sem framleiðir hreinsibúnað í tankana. Með þessari viðbót geta Hvammshólar boðið upp á heildarlausn við hreinsun skólps fyrir ólíkar kröfur um hreinsun.

Hreinsistöðvar frá Graf bjóða allt að 99% hreinsun þar sem tekið er á hreinsun á köfnunarefnum, fosfór og kólígerlum. Hvammshólar hafa selt lausnir um land allt til ólíkra notenda, s.s. fyrir hótel, íbúðarbyggð, sumarhús, heilsárshús m.m. Lausnirnar er m.a. að finna á Mývatni, Þingvöllum, Eyjafirði, Hornafirði, Öndverðarnesi og já, allan hringinn í kring um landið. Hvammshólar bjóða líka eftirlit og viðhald, mælingar og eftirlit með gæðum hreinsunar. Í boði eru 3 skólphreinsunarlausnir frá Hvammshólum. Ódýrust og einföldust er Graf ANAEROBIX rotþró með síu fyrir 1-600 íbúa. Hentug og ódýr lausn með mikla hreinsun. Hreinsivirki sem hægt er að bæta við og stækka t.d vegna fjölgunar notenda. Minnstu einingar eru 1 tankur. Fyrir fleiri notendur eru tankarnir raðtengdir sem seyrutankar, svifagnatankar og síutankar. Sían er staðsett við útrennslið. Hún er samsett af mörgum plastkubbum með stórum fleti sem grípa svifagnir á leiðinni út. Þessi aðferð skilar yfir 90% hreinsun. Hægt er að auka hreinsigetu ANAEROBIX með eftirhreinsun í siturgöngum td.úr rauðamöl eða vikri.




Næsti flokkur er Graf One2clean hreinsistöð fyrir 5-50 íbúa. Hún hreinsar með lífrænum hætti allt að 99%. Stöðin er eitt tankhólf þar sem hreinsun fer fram tvisvar á sólarhring. Hentug lausn á svæðum með kröfau um mikla hreinsun. Hægt að bæta við búnaði sem viðheldur réttu rotnunarhitastigi í tanki allan ársins hring, þ.e. 10-12°C.

Fullkomnast er Graf Klaro XXL skólphreinsikerfi fyrir 50-750 íbúa. Hentar vel þar sem vatnsstaða er mjög há, á viðkvæmum vatnsverndarsvæðum, þar sem talin er þörf á meiri umhverfisvernd vegna viðkvæmrar náttúru eða dýralífs. Hreinsigeta Graf Klaro XXL er allt að 99% og fer hreinsunin fram með lífrænum hætti.

Í aðalatriðum vinnur Klaro XXLí tveim skrefum. Hólfin eru tvö. Fyrst er geymsla á óhreinsuðu skólpi í seyruhólfi og þar á eftir hreinsun á skólpi í lokuðu hreinsihólfi. Hreinsun fer fram fjórum sinnum á sólarhring.

Ýmis aukabúnaður fæst frá Graf sem hægt er að „prjóna" við lausnina. Svo sem búnað til lækkunar köfnunarefnis, til aukinnar fosfórhreinsunar og/eða til fækkunar gerla í hreinsuðu frárennsli við útdælingu með UV geislun. Einnig fæst fjarstýrður eftirlitsbúnaður sem gefur upplýsingar um bilanir og stöðu, auk þess sem hægt er að bilanagreina og gera við með fjarrænum hætti. Allar frekari upplýsingar á www.hvammsholar.is

Umhverfisvænn
frostlögur
fyrir hita og kælikerfi
• Vörn gegn frosti og tæringu
• Hentugt fyrir alla málma
• Eykur endingartíma
• Kemur í veg fyrir gerlamengun
• Vörn allt niður að -30°C
• Engin eiturefni-umhverfisvænt
• Léttir dælingu
FERNOX
LÆTUR VATNIÐ VINNA
Hringás
Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is

ÍSRÖR
Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR
- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar
- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar
- PexElextra sveiganlegri plaströr
- Pexfittings og samsetningar
Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR
Nýtt hjá ÍSRÖR
Bjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings
Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE
Líklega besta verðið
Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

# Lagnadeild Ísleifs Jónssonar framleiðir HVER 1012



*Hjörleifur Björnsson (til vinstri), pípulagningameistari og eigandi Lagnaafls ehf., tekur við fyrsta HVER 1012 tengiskápnum frá Lagnadeild Ísleifs Jónssonar. Það er Páll St. Bjarnason, deildarstjóri Tæknideildar Ísleifs Jónssonar sem afhendir Hjörleifi HVER 1012 tengiskápinn.*

Tæknideildin hjá Ísleifi Jónssyni er þekkt meðal pípulagningameistara fyrir að bjóða góðar og aðgengilegar lausnir í lagnamálum.

Nýlega var Tæknideildin að afhenda fyrsta eintakið af nýjum tengiskáp, sem fengið hefur nafnið HVER 1012.

Í skápnum er að finna varmaskipti, stjórnstöð og hringrásardælu. Allt merkt og haganlega komið fyrir í skápnum og eins og sést á myndunum hér að neðan. Eina sem eftir er að gera er koma skápnum fyrir á staðnum og tengja. HVER 1012 getur annað neysluvatni fyrir 12 íbúðir. Allir hlutir sem eru í HVER 1012 eru standard lagervara hjá Lagnadeild Ísleifs Jónssonar.





# SET opnar vöruhús í Reykjavík



Set ehf. opnaði vöruhús að Klettagörðum 21. þann 1. apríl sl. Meginhluti af sölustarfsemi fyrirtækisins verður staðsettur þar. Vöruhúsinu er ætlað að bæta afhendingaröryggi og þjónustu við aðila, jafnt á suðvesturhorninu sem og á landsbyggðinni. Um leið mun breytingin létta á húsnæði og aðstöðu á Selfossi en mikill vöxtur og nýsköpun hefur einkennt starfsemina undanfarin ár.

Set framleiðir og selur lagnavörur á fjórum meginsviðum fyrir veitu-, framkvæmda- og byggingamarkaðinn, þ.e. hitaveituefni, vatnsveituefni, fráveituefni og efni fyrir raf- og fjarskiptakerfi. Félagið starfrækir einnig dótturfélag í Þýskalandi sem annast framleiðslu á foreinangruðum hitaveiturörum.

Set fagnaði á síðasta ári, fjörutíu ára starfsemi og hefur þar af leiðandi á að skipa reynslumiklu starfsfólki í framleiðslu og þjónustu við lagnamarkaðinn.



Myndin að ofan sýnir nýtt vöruhús Set ehf. að Klettagörðum 21. Til hægri má sjá starfsmann vinna við að raða vörum í hillurekka á nýja lagernum.







# Nú eru 80 nemar í dagskóla og 20 í kvöldskóla í pípulagnanámi

Nú eru í pípulagninganámi í Tækniskólanum/Byggingatækniskólanum um 100 nemendur og af þeim eru um 20 í kvöldskólanum, sem hófst núna á vorönn 2019.
Þær breytingar hafa átt sér stað varðandi nemendahópinn að nokkru leyti – að nýnemar við pípulagnir eru nemendur sem eru að koma beint úr grunnskóla. Algengara var að fá eldri nemendur inn í námið.



*Höfundur greinarinnar er Böðvar Ingi Guðbjartsson, pípulagningameistari og framhaldsskólakennari.*

Af öllum hópnum eru 10 nemendur að fara í sveinspróf í pípulögnum á vorönn 2019. Möguleikar fyrir nemendur til að komast á námssamning eru miklir þar sem mikið er að gera í byggingagreinum almennt séð.

### Umsóknarform inni á vef FP

Inn á vef Félags Pípulagningameistara (FP), www.piparinn.is, geta nemar sótt um að komast á samnig og hefur það reynst mjög vel. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er að allir meistarar sem eru í FP fá tölvupóstinn og geta þá sett sig strax í samband við viðkomandi nema.
Námstími í pípulögnum eru 4 ár. Þar af eru 96 vikur hjá meistara og 4 annir í skóla. Þegar 96 vikur eru liðnar og skólinn búinn koma nemendur inn í skólann á síðustu önninni í áfangann Lokaverkefni í pípulögnum (LPL) sem endar í sveinsprófi. Nemar sem útskrifast af pípulagnabraut, hafa útskrifast með burtfaraskírteini og sveinspróf og eru komnir með starfsréttindi og hafa starfsheitið Pípulagningamaður strax eftir útskrift. Slíkt fyrirkomulag hefur verið síðustu 11 ár og hefur reynst mjög vel. Nemendum er fylgt eftir alla leið í sínu námi. Nokkrar starfsstéttir hafa haft á orði að slíkt fyrirkomulag ætti að vera í öllum iðngreinum að við útskrift sé neminn búinn í sveinsprófi. Breytingar eiga sér stað núna með þetta fyrirkomulag að láta nemendur útskrifast fyrst úr skólanum og verða sér út um sveinsprófið í pípulögnum síðar þegar þeir eru með burtfaraskírteini frá skólanum. Sveinsprófsnefndin í pípulögnum , ásamt Iðunni fræðslusetri, tóku þessa ákvörðun um að hafa sveinsprófið síðar. Breytingin er ekki mikið hagræði fyrir nemendur sem geta ekki klárað sveinsprófið fyrir útskriftina og þá sérstaklega þeir sem koma utan af landi þar sem margir þurfa að leigja sér herbergi eða íbúð á meðan námi stendur. Þeir nemar eru þá í óvissu hvenær sveinsprófið verður. Í reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009 kemur fram í 9. gr. „Sveinspróf skulu að jafnaði haldin nálægt annarlokum framhaldsskóla“.

### Hugmyndir um verkefnastýrt nám

Hugmyndir hafa verið um innleiða verkefnastýrt nám þar sem nemar sem vilja og geta hafa kost á því að fara hraðar yfir námið, geti nýtt sér slíkt fyrirkomulag. Allir áfangar eru þá í boði hverja önn. Raftækniskólinn er búinn að vera með slíkt fyrirkomulag í nokkur misseri og reynslan hjá þeim er að nemar sem koma í námið með reynslu úr greininni nýta sér það að fara hraðar yfir skólann. En þeir sem hafa minni reynslu eiga erfitt með að vinna sig áfram. Vissulega eru kostir og gallar við slíkt fyrirkomulag, en verið er að skoða þessa leið.
Skólinn er vissulega í þróun og stefna Tækniskólans – skóla atvinnulífsins er sú að fylgjast vel með þeim nýjungum sem eiga sér stað í atvinnulífinu og veita nemendum sem koma í skólann innsýn inn í það sem er nýtt á vinnumarkaðnum.

## Fríður hópur kvöldskólanema

Tekin var ákvörðun í samráði við kennara pípudeildar að bæta við kvöldskóla til að vinna úr þeim biðlista sem myndast hefur vegna aðsóknar í nám í pípulögnum. Einnig hafa sumir nemendur mikið verið að biðja um slíkt fyrirkomulag þar sem margir hafa ekki tök á því að koma í dagskólann. Kvöldskólinn verður aftur í boði næsta haust og næstu misseri. Kvöldskólinn er fyrir þá sem eru 25 ára og eldri og er á mánudögum og fimmtudögum frá kl.17:40 – 21:40. Nánari upplýsingar eru á vef Tækniskólans tskoli.is. Á myndinni að neðan er hluti hópsins í kvöldskólanum með Böðvari Inga Guðbjartssyni, pípulagningameistara og framhaldsskólakennara í pípulagningadeildinni.








Mynd úr sýningarbás Metraflex á Spáni í mars, en MD Vélar voru þátttakendur í sýningunni.

# MD Vélar með umboð í Evrópu fyrir Metraflex

MD Vélar ehf. er komið með umboð fyrir Metraflex í Evrópu. Tóku MD Vélar þátt í sýningu með Metraflex í Madrid á Spáni í lok mars s.l. Metraflex bíður meðal annars upp á þenslutengi fyrir Sprinklerkerfi sem eru kölluð FireLoop. Tengin eru sérhönnuð fyrir jarðskjálfasvæði og eru einstaklega sveigjanleg og auðveld í uppsetningu. Þau taka margfalt minna pláss en flestar núverandi lausnir og henta einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður. Metraflex býður einnig upp á samsvarandi lausnir fyrir margar aðrar gerðir lagna.

**Sveigjanleg:**



EPDM barki með hlíf úr fléttuðu ryðfríu stáli.

**Sterk:**



Ryðfrír barki með hlíf úr fléttuðu ryðfríu stáli.

**Sterk og sveigjanleg:**



Einstaklega sveigjanlgur barki úr ryðfríu stáli með hlíf úr fléttuðu ryðfríu stáli.

Fleiri nýjungar frá Metraflex: Hljóðeinangrandi slöngur sem henta vel td til að tengja röralagnir fyrir ofna. Dregur mikið úr hljóði milli herbergja ef rekist er í ofn eða þegar verða þrýstingsbreytingar verða, t.d. vegna þess að hitastigi er breytt. Sterkar, sveigjanlegar (sjá myndir til vinstri) og fást í ýmsum gerðum. Henta vel fyrir Íslenskar aðstæður, hitastig og þrýsting. Allar frekari upplýsingar hjá: www.mdvelar.is.




# Vatn & Veitur: Wilo-Yonos Pico með nýja og betri hringrásardælu




Vatn & Veitur bjóða nú Wilo-Yonos Pico hringrásardælurnar í nýrri og endurbættri útgáfu. Dælurnar eru ætlaðar til hringrásardælingar hitaveitu í einbýlishúsum og í sumarbústöðum. Meðal nýrra möguleika í uppfærðri útgáfu af Wilo-Yonos Pico hringrásardælunum er m.a.:

– Nýr grænn hnappur sem auðveldar stillingu á magni og notkun með auðlesnum táknum. – Þrír fastir snúningshraðar. – Betri nýtnistuðlar en áður.
– Tengingar við rafmagn eru á hlið svo við loka er nægt pláss. – Hnappur fyrir sjálfvirka afloftun fyrir dæluhús.
– Kerfi sem hjálpar dælu í gang eftir langvarandi notkunarleysi.

Nánari upplýsingar: www.vatnogveitur.is.






# STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

STOÐ PALLALEIGA





set

## Nýtt vöruhús að Klettagörðum 21

Hitaveiturör - Vatnsrör - Fráveiturör - Hlífðarrör

Set ehf. | Sími 480 2700 | info@set.is | www.set.is





## Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex • Miller • Oberon • Toe Guard • Honeywell

Nú fást Snickers vinnuföt í BYKO

HILTI

Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI





# Símenntun í iðnaði

**Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS

- NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
- NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
- TÖLVUNÁMSKEIÐ
- TÖLVUSTUDD HÖNNUN
- BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
- HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
- BÍLGREINASVIÐ
- MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
- MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
- PRENTTÆKNISVIÐ

IÐAN fræðslusetur
www.idan.is





## Ný kynslóð **varmaskipta** fyrir **upphitun og kælingu** frá Danfoss

Veldu hagkvæmustu lausnina, varmaskipta með nýju MICRO PLATE™ plötunum sem gefa 10% betri hitaleiðni en aðrar plötur. Við bjóðum upp á fjölda lausna, til upphitunar, fyrir heitt neysluvatn og til kælinga. Varmaskiptarnir eru fáanlegir í tveimur grunngerðum. Soðnir og boltaðir og í mismunandi stærðum fyrir hagkvæmustu lausnina fyrir þínar þarfir.

Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

Danfoss